

5.5.2015	Smásjár Skoðun	Filip Jan Halldór Fjalar
----------	----------------	-----------------------------

## Inngangur

Í þessari smásjár skoðun áttum við að ná í vatn af ýmsum stöðum, svo sem Litlu-Laxá og Hellisholtalækinn. Markmiðið er að finna lífverur í vatninu og að læra betur á smásjárna. Við gerðum þessa skoðun mest af því að við erum í hlekk sem heitir líffæði og erum aðallega að fjalla um frumverur og bakteríur.

Frumverur, sem við vorum að leita að er skipt í 2 meginhópa, frumdýr: sem eru litlar, ófrumbjarga, einfrumungar sem eru oftast 10-50 míkrómetrar að stærð. Frumdýr eru skipt í 4 undirflokk: slímdýr, bifdýr, svipudýr og gródýr. Síðan frumþörungar: sem eru frumbjarga einfruma lífverur sem framleiða 60-70% af öllu súrefni á allri jörðinni.

## Framkvæmd

**Efni og áhöld:** Smásjá, burðargler, þekjugler, dropateljari, krukka, pappír og vatnið úr ánni og slím og jarðvegur með.

**Vinnulýsing:** Í tímanum fyrir þennan tíma fórum við niður að á og náðum í sýni og jarðveg úr henni og settum það í krukku.

Fyrst stungum við smásjárni í samband og þrifum burðarglerin og fengum ný þekjugler hjá Gyðu. Síðan notuðum við dropateljaran til að láta sýnið á burðarglerið og þekjuglerið ofan á það. Síðan notuðum við linsur eftir þörfum.

## Niðurstöður

Þegar við vorum búnir að koma sýninu fyrir í smásjárni byrjuðum við að skoða það. Í fyrri tímanum fundum við ekki neitt nema drullu og sand. Síðan í seinni tímanum kom Gyða til okkar og hjálpaði okkkur að stilla smásjárnum. Eftir það sáum við fullt af frumverum aðallega frumþörungum og aðeins af frumdýrum sem við náðum ekki að greina.

Frumþörungarnir sem við fundum voru: grænþörungur-*Dictyosphaerium pulchellum*, grænþörungur-*Volvox globator* eða Kúluhverfla, grænhimnungur-*Pleurotaenium ehrenbergii* eða Staurdjásn, kísilþörungarnir, *Cyclotella comta* eða Dóseskingur og *Nitzschia sigmoidea* eða Esseskingur.



Volvox globator



Nitzschia sigmoidea

Eins og sést fyrir ofan fundum við ekki öll íslensku heitin á frumþörungunum. Þessi smásjárskoðun gekk mjög vel eftir að við fengum aðstoð frá Gyðu kennara.

**Heimildir:** Ljósritið sem Gyða lét okkur hafa og Vísindavefurinn

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=52772>

**Myndaheimildir:** Mynd 1: <http://media-3.web.britannica.com/eb-media/04/40604-004-AFBDA4A.jpg> Mynd 2: [http://protist.i.hosei.ac.jp/pdb/images/Heterokontophyta/Raphidineae/Nitzschia/sigmoidea/sp\\_04.jpg](http://protist.i.hosei.ac.jp/pdb/images/Heterokontophyta/Raphidineae/Nitzschia/sigmoidea/sp_04.jpg)

